

## BARNAMENNINGARHÁTÍÐ 13.—15. SEPTEMBER

Nú er komið að því að halda Barnamenningarhátíð í Dalvíkurbyggð í annað sinn. Eins og í fyrra verða ýmsar smiðjur í boði fyrir börn á öllum aldri og vonandi finna allir eitthvað við sitt hæfi. Góða skemmtun.

### Fimmtudagurinn 13. sept

**14:30-16:00** Hljómsveitarsmiðja í Tónlistarskólanum, 6-11 ára, íslensk dægurlög er þemað.

**16:00-17:30** Hljómsveitarsmiðja í Tónlistarskólanum, 12—16 ára, íslensk dægurlög er þemað.

**16:15-18:00** Eldhúsið í Hryllingskastalanum. Hvað er borðað þar? Spunadans fyrir 6 -11 ára í Bergi.

### Föstudagurinn 14. sept

**15:00** Bókasafnið opnar **nýtt barna – og unglindahorn** og afhendir verðlaun fyrir þátttöku í lestrarstundum og bókaormi.

**16:00-18:00** Útilistaverk í Höfðanum - listaverk smíðuð úr tré.

**17:00-18:00** Point Dansstúdíó frá Akureyri með námskeið fyrir 7.—10. bekk í Íþróttamiðstöðinni.

### Laugardagurinn 15. sept

**11:00-12:00** Íþróttaskóli barnanna í íþróttamiðstöðinni

**13:00-15:00** Myndasögugerð í Bergi

**13:00-15:00** Merki

**Barnamenningarhátíðar í Bergi**

**15:00 - 16:00** Fjölskylduyoga í Félagsmiðstöðinni - ungir og alnir leika sér saman.

**16:15** Pollpönk með tónleika með í Bergi. Þegar Pollarnir spila þá er alltaf stuð hjá öllum sem horfa og sérstaklega hjá Pollpönkurunum sjálfum.

FRÍTT Í ALLAR SMÍÐJUR OG  
VIÐBURÐI—FRJÁLS MÆTING  
Í SMÍÐJUR

# BARNAMENNINGARHÁTÍÐ 13.—15. SEPTEMBER

## Nánari upplýsingar um smiðjur

**Hljómsveitarsmiðja:** Hljómsveitarsmiðjan er fyrir alla sem áhuga hafa á því að starfa í hljómsveit. Ekki er nauðsynlegt að kunna á hljóðfæri. Þátttakendur sem ekki eiga eða hafa til umráða hljóðfæri fá lánað eitthvað við sitt hæfi. Einnig er hægt að koma og syngja með hljómsveitinni ef áhugi er fyrir hendi. Þema hljómsveitarsmiðjunnar er íslensk dægurlög. **Umsjónamaður: Ármann Einarsson Staðsetning: Tónlistarskólinn Tímasetning: 13.sept. kl. 14:30 og 16:00**

**Spunadans: Eldhúsið í hryllingskastalanum. Hvað er borðað þar?** Leiðin í kastalann liggur í gegnum fjölmörg lönd og börnin kynnast tónlist og dönsum ýmissa landa. Svo dansa börnin allskyns mat sem íbúi kastalans er að elda!!!! Í lokin mega svo foreldrar koma og sjá hvað hefur verið matreitt í hryllingskastalanum. **Umsjónarmaður: Anna Richards Staðsetning: Berg Tímasetning: 13. sept kl.16:15-18:00 (foreldrar komi kl. 17:45 til að horfa)**

**Útilistaverk:** Þessi smiðja verður haldin uppí Höfða þar sem hægt verður að koma og búa til útilistaverk úr trjábolum, greinum og fleira tilfallandi efni á staðnum. Frábær samverustund fyrir alla fjölskylduna. **Umsjónarmenn: Emmi og Skapti Staðsetning: Höfðinn Tímasetning: 14. sept. kl. 16:00-18:00**

**Point Dansstúdíó:** Þematengd danssmiðja fyrir 7.—10. bekk í Íþróttamiðstöðinni en það eru snillingarnir í Point Dansstúdíó á Akureyri sem sjá um þessa frábæru smiðju. **Umsjónarmenn: Point Dansstúdíó Staðsetning: Íþróttamiðstöðin Tímasetning: 14. sept. kl. 17:00-18:00**

**Grafísk hönnun:** Viltu taka þátt í að búa til logo fyrir Barnamenningarhátíðina? Áhugasamir geta tekið þátt í samkeppni um logo fyrir Barnamenningarhátíðina undir handleiðslu Hlínar Ólafsdóttur, en hún er grafískur hönnuður. **Umsjónarmaður: Hlín Ólafsdóttir Staðsetning: Berg Tímasetning: 15. sept kl. 13:00 - 15:00**

**Myndasögugerð:** Áhugaverð smiðja um myndasögugerð fyrir börn á öllum aldri. Halla, sem sér um smiðjuna, er myndlistamaður og hefur gefið út bókina Agnar Smári: Tilþrif í tónlistarskólanum, en þar gerði hún bæði texta og myndir. Halla mun kynna uppbyggingu myndasögunnar og síðan fá börnin að spreyta sig á myndasögugerð. **Umsjónarmaður: Halla Þórlaug Óskarsdóttir Staðsetning: Berg Tímasetning: 15. sept. kl. 13:00-15:00**

**Fjölskylduyoga:** Fjölskyldu jóga er tími þar sem ungir sem aldnir fá að leika sér saman. Farið verður í ýmskonar hreyfileiki til þess að hita upp. Förum svo í jóga leiki þar sem við breytum okkur í ýmsikonar dýr, einnig förum við í jógastöður þar sem barn og fullorðinn hjálpast að við að mynda stöðurnar. Munum svo enda í góðri slökun. Upplagt fyrir börn á öllum aldri,foreldra og ömmur og afa. **Umsjónarmaður: Gerður Staðsetning: Félagsmiðstöð Tímasetning: 15.sept. kl. 15:00**